

Norðurþing  
Ketill Gauti Árnason  
Ketilsbraut 9  
640 Húsavík

Reykjavík, 22. febrúar 2024  
UST202402-359/A.B.  
10.04.01

## Efni: Umsögn - Uppbyggingar á göngustíg að Gatanöf og bílastæði - Bakkahöfði - Norðurþing

Vísað er til erindis verkefnastjóri á framkvæmdarsviði Norðurþings er barst 20. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um styrkumsókn sveitarfélagsins til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Í erindinu kemur fram að Norðurþing sótti um styrk vegna uppbyggingar á göngustíg að Gatanöf og bílastæði á svæðinu. Gatanöf er staðsett á Bakkahöfða norðar við Húsavík og er að verða vinsæll áningarstaður hjá ferðamönnum sem ferðast um svæðið. Uppbyggingin á svæðinu er liður í því að byggja upp aðstöðu fyrir bíla og auðvelda aðgengi að Gatanöf. Auk þess segir að svæðið hefur látið á sjá vegna núverandi umferðar um svæðið.

### Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem verkefnið nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Bakkafjara og Bakkahöfði, og er númer 528 sem aðrar náttúruminjar og nær svæðið Svæðinu er lýst á eftirfarandi hátt: „*Sérkennilega rofnir sjávarklettur og nafir (berggangur) fram undan höfðanum. Lífríkar fjörur og sker.*“

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að öllu raski sé haldið í lágmarki, hugað vel að frágangi og framkvæmdir raski ekki verndargildi svæðisins. Umhverfisstofnun telur að kurlstígar á stuttum kafla og stikuð gönguleið rýri ekki verndargildi svæðisins. Einnig telur stofnunin jákvætt að bílastæði sé staðsett fyrir utan eða í jaðri svæðisins.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**